

13. gr.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt að leyfa frávik frá ákvæðum þessara reglna brjótí þau ekki í bága við alþjóðlegar samþykktir, sem Ísland er aðili að.

14. gr.

Refsingar.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt XI. kafla laga nr. 50, 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 50, 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. janúar 1967.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Utanfararsjóð sjúkra, Skagafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. janúar 1967.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Utanfararsjóðs sjúkra, Skagafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Utanfararsjóður sjúkra, Skagafirði. Hann er stofnaður með frjálsum framlögum einstaklinga og félagasamtaka.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja sjúklinga, sem þurfa nauðsynlega að leita sér lækninga erlendis að dómi yfirlækna Landsspítala Íslands.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem nemur nú kr. 130 000.00, svo og það fé, sem síðar kann að safnast, skal ávaxtast á hagkvæmustu vaxtakjörum í Búnaðarbanka Íslands eða annarri bankastofnun á Sauðárkróki.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu tveir þeirra kosnir af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, tveir af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, Héraðslæknirinn á Sauðárkróki skal sjálfskipaður formaður sjóðsstjórnar. Uns áðurnefndir aðilar hafa kosið fulltrúa sína, fer framkvæmdanefnd fjársöfnunarinnar til sjóðsins með stjórn hans.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga Sjúkrahúss Skagafirðinga.

5. gr.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta samkvæmt umsóknum sbr. 2. gr. Skal styrksupphæð fara eftir mati sjóðsstjórnar hverju sinni. Aldrei má þó úthluta meiru en svo, að eftir standi kr. 1000.00.

6. gr.

Verði sjóðurinn af einhverjum ástæðum lagður niður, sem slíkur, skulu eignir hans renna til þess að auka tækjakost Sjúkrahúss Skagfirðinga, eftir samkomulagi sjóðsstjórnar og yfirlæknis sjúkrahússins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki, 30. apríl 1966.

**Pórir Stephensen. Guttormur Óskarsson. Kristján C. Magnússon.
Guðbrandur Frímansson. Hulda Sigurbjörnsdóttir.**

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtalda úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

34. Nefnd Verkalýðsfélags Hríseyjar. Staðfest 17. jan. 1967.

Félagsmálaráðuneytið, 18. janúar 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag býlanna Efri-Hóll, Syðri-Hóll, Efri-Kvíhólmi, Syðri-Kvíhólmi og Efri-Holta í Vestur-Eyjafjallahreppi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Mýrabæja. Heimili þess og varnarþing er í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eigendur og ábúendur býlanna Efri-Hóls, Syðri-Hóls, Efri-Kvíhólma, Syðri-Kvíhólma og Efri-Holta. Hver stofnandi greiðir tíu þúsund krónur sem stofngjald.